

## **DalaAuður - úthlutaðir styrkir í júní 2023**

### **DAL-2023-02. Sigrún Margrét Halldórsdóttir - *Myndlistarnámskeið í Búðardal***

Verkefnið felst í að bjóða upp á myndlistarnámskeið. Ætlunin er að leiðbeina nemendum í að skapa og prufa sig áfram í listinni og býðst nemendum að prufa ýmsar mismunandi aðferðir myndlistar. Ætlunin er að leiðbeina nemendum einstaklingsbundið þ.e hver og einn fær leiðbeiningar miðað við sína færni.

Markmið verkefnisins er að fá fólk til að byrja að skapa eitthvað nýtt með því að stunda myndlist. Margir hafa lengi þráð að geta það, (hvort sem það er sér til ánægju eða til að hafa tekjur af því í framtíðinni). Með því að leiðbeina fólki af stað er maður strax kominn með grunninn. Á svona námskeiði öðlast nemendur svo aftur á móti öryggi og færni í listinni. Nemendur ættu því að námskeiði loknu að vera vel í stakk búnir til að láta langþráða drauma sína rætast.

Verkefnið hlaut 200.000 kr. í styrk árið 2023.

### **DAL-2023-17. Jasa Baka og Kristján E. Karlsson - *Dala stúlka – Valley girl***

*Verkefnið er listrænt ferli þar sem spinnast saman frásögur kvenna úr Döllum og mótun á listaverki sem verður útiskúlpúr.*

Dala stúlka -Valley girl is a permanent public sculpture and a podcast of interviews. The sculpture is of a giant happy dog with female creatures hiding and playing in her fur. The dog is a figurative representation of the landscape of Dalir and the creatures are archetypes of different female characters and mythologies that originate from Dalir. The podcast is a playful presentation of researched information in the form of interviews with women and girls, elderly as well as young, to document linguistic and oral history as well as contemporary Icelandic in Dalir. This project was inspired by the Frank Zappa song “Valley Girl”, where Zappa collaborated with his teenage daughter to document the kind of slang dialect present in California’s SanFernando Valley to create the song “Valley Girl”. This song was made for fun but also brought awareness of this specific dialect to a large audience.

Verkefnið hlaut 200.000 kr. í styrk árið 2023.

### **DAL-2023-12. Sigurbjörg Kristínardóttir - *Hljómbrot – tónleikar***

Sönghópurinn Hljómbrot er nýr blandaður kór í Dalabyggð sem var stofnaður í janúar 2023 og eru um 30 meðlimir í kórnum. Er markmiðið að halda a.m.k. tvö tónleika í Dalabyggð yfir næsta vetur, eina á aðventu og aðra að vori.

Verkefnið hlaut 250.000 kr. í styrk árið 2023.

### **DAL-2023-21. Bax ehf - *Gróðurhús að Laugum***

Verkefnið snýst um að setja upp gróðurhús að Laugum í Sælingsdal á sama stað og gamla gróðurhúsið var þegar héraðsskólinn var starfræktur þar. Í gróðurhúsinu verða ræktaðar lífrænar kryddjurtir og

grænmeti sem notaðar verða á veitingastað hótelsins en hótelið leggur áherslu á að bjóða upp á mat úr héraði á matseðli sínum.

Verkefnið hlaut 250.000 kr. styrk árið 2023.

#### **DAL-2023-22. Konráð Lúðvíksson - Ræktun aspargræðlinga**

Verkefnið snýst um að breyta útihúsum á Hallsstöðum í gróðurhús og rækta þar asparstiklinga sem nýst geta í skógrækt í Dalabyggð.

Verkefnið hlaut 250.000 kr. í styrk árið 2023.

#### **DAL-2023-06. Ungmennafélagið Ólafur Pá og Hestamannafélagið Glaður - Stígur milli Hrútsstaða og Haukadals**

Ungmennafélagið og hestamannafélagið hafa blásið til samstarfs til að auka nýtingu og aðgengi göngu-, hlaupa- og hestafólks að reiðleiðum í nágrenni Búðardals. Styrkurinn er fyrir merkingum og bekkjum á leiðinni sem liggur milli Hrútsstaða og Haukadals.

Verkefnið hlaut 300.000 kr. í styrk árið 2023.

#### **DAL-2023-11. Sigrún Hanna Sigurðardóttir og Kristín Björk Jónsdóttir - Lífið á Laugum**

Lífið á Laugum er orðið að röð verkefna sem öll snúast um að miðla sögu heimavistarskólans þar. Stefnt er að uppsetningu heimasíðu til að halda utan um, varðveita og miðla efni sem tengist skólanum og lífinu á Laugum á stafrænan hátt. Samhliða vinnunni við heimasíðuna yrði skrásett efni sem tengist Laugum til að varðveita það. Veittur er styrkur vegna fjárhagsáætlunargerðar fyrir verkefnið.

Verkefnið hlaut 300.000 kr. í styrk árið 2023.

#### **DAL-2023-19. Alexandra Rut Jónsdóttir - Er líða fer að jólum, 2023.**

Verkefnið snýst um það að töfra fram létta, heimilislega og hátíðlega jólatónleika á aðventunni, þar sem fram kemur áhugafólk um tónlist frá Dalabyggð og víðar. Í desember 2023 verða haldnir jólatónleikar í Dalabúð, Búðardal. Markmiðið er að efla menningarlíf í Dalabyggð og gera sér glaðan dag í aðdraganda jóla. Tónleikarnir verða ekki hagnaðardrífir.

Verkefnið hlaut 300.000 kr. í styrk árið 2023.

#### **DAL-2023-15. Ungmennafélagið Ólafur Pá - Aðgengi að heilsueflandi húsnæði í Búðardal**

Verkefnið er framhald af fyrra verkefni vegna uppbyggingar á aðstöðu sjúkraþjálfara í Búðardal. Húsnæði Ungmennafélagsins Ólafs Pá að Vesturbraut 8 í Búðardal er nýtt af ýmsum heilsuræktandi aðilum en þar má finna líkamsræktaraðstöðu, snyrtistofu, herbergi fyrir hárgreiðslustofu, og aðstöðu fyrir sjúkraþjálfara, iðjubjálfa, nuddara eða álíka starfsemi. Verkefnið byggist upp á því að koma aðgengismálum í gott lag bæði utandyra sem innan. Í dag er aðgengi með ágætum en ekki sem hentar

hreyfihömluðum einstaklingum eða fólki í hjólastól. Bæta þarf úr því svo þjónusta sem veitt er í húsnæðinu nýtist öllum.

Verkefnið hlaut 400.000 kr. í styrk árið 2023.

#### **DAL-2023-16. Dalirnir heilla ehf - Fræhóll í Búðardal**

Markmið verkefnisins er að fylgja eftir undirbúningsvinnu, sem m.a. var styrkt af DalaAuði á s.l. ári þar sem gerð var forathugun á mögulegri staðsetningu fyrir gróðurhús í Búðardal, sem og voru unnin drög að rekstraráætlun fyrir fræframleiðslu af lerkikynblendingnum Hrym. Hrymur er kynblendingur Evrópulerkis og Rússalerkis og er einstaklega hraðvaxta og vel aðlagður íslenskum aðstæðum og hentar því mjög vel til ræktunar víða um land, en er ekki síst vel aðlagður umhleyplingasamri veðráttu á Vesturlandi. Áformin um fræ-gróðurhúsið hafa því nú verið endurmetin og þykir fýsilegt að skipta starfsemi í tvennt, annars vegar fræframleiðslu og hins vegar beina framleiðslu á græðlingum út frá stiklingum, sem klipptir eru af ungunum, 2-7 ára gömlum, Hrymplöntum. Kosturinn við þessa nálgun er annars vegar að dreifa áhættunni með tveimur framleiðslulínum, og hins vegar að flýta plöntuframleiðslunni, þar sem með rétttri aðstöðu væri hægt að hefja framleiðslu á Hrym-plöntum fyrir gróðursetningu, mun fyrr en frá fræi, eða um leið og gróðurhúsið væri tekið til starfa.

Verkefnið hlaut 500.000 kr. í styrk árið 2023.

#### **DAL-2023-09. Skógræktarfélag Dalasýslu - Aðgengi skóga í Dalabyggð**

Markmið verkefnisins er að bæta aðgengi og ásýnd núverandi skógarsvæða nálægt Búðardal og efla þá sem áfangastaði fyrir ferðamenn og yndisauka fyrir heimafólk. Um er að ræða tvö uppvaðin skógarsvæði, „Brekuskóg“, rétt vestan Búðardals og Laxaborg við Haukadalsá, um 9 km austan við Búðardal. Í verkefninu á að hanna og skipuleggja aðkomu, bílastæði, rjóður og skógarstíga, einnig merkingar við þjóðveg og innan svæðanna, ásamt nauðsynlegri aðstöðu. (Lögð verður áhersla á Brekkuskóg fyrst).

Opna þarf svæðin og gera þau aðgengileg og aðlaðandi fyrir gesti, og síðan að vekja athygli íbúa og ferðamanna á tilvist þeirra og hvað þeir hafa upp á að bjóða. Með því má fjölga áningarstöðum ferðamanna í nágrenni Búðardals. Fjölgun áningarstaða, lengir viðdvöl ferðamanna og eykur líkur á því að þeir skoði fleiri staði í nágrenninu, fari svo á matsölustað og ákveði jafnvel að stoppa lengur og kaupa gistingu.

Nú eru um 17 svæði á landinu, sem eru skilgreind formlega sem opnir skógar skv. heimasíðu Skógræktarfélags Íslands og þar af eru 6 á Vesturlandi, en enginn slíkur staður er í Dalabyggð. Reynslan af því að opna skóga er mjög góð og eru þeir staðir vinsælir áfangastaðir ferðamanna og gjarnan einnig vel nýttir af heimafólki til útivistar.

Verkefnið hlaut 500.000 kr. styrk árið 2023.

#### **DAL-2023-13. Guðmundur Halldórsson og Trausti Bjarnason - Gönguleið Fellsströnd - Skarðsströnd**

Verkefnið snýst um að útbúa gönguleið og kynningarefni henni tengt frá Á á Skarðsströnd að Vogu á Fellströnd. Er um að ræða 20 km stíkaða gönguleið. Markmiðið er að skapa afþreyingu í Dölunum, fyrir bæði heimafólk og ferðafólk og auka aðgengi að merktum gönguleiðum á svæðinu.

Verkefnið er framhaldsverkefni og fékk styrk úr DalaAuði 2022 sem nýttur var til hönnunar á skiltum. Veittur er styrkur til framleiðslu og uppsetningu á skiltum og frágangi á aðkomu beggja vegna gönguleiðarinnar.

Verkefnið hlaut 500.000 kr. í styrk árið 2023.

#### **DAL-2023-04. Guðrún Esther Jónsdóttir og Skúli Hreinn Guðbjörnsson - Vöruþróun á nautakjöti**

Verkefnið snýst um þróun á fullbúinni afurð úr nautakjöti með það að markmiði að auka verðmæti afurða og auka fjölbreytni matvara sem seldar eru í Dölum og eru frá Döllum. Í verkefninu verður farið í þróun á tveimur nautakjötsafurðum. Afurðirnar verða unnar í heimakjötvinnslu, úr hráefni úr héraði og seldar á heimamarkaði.

Verkefnið hlaut 500.000 kr. styrk árið 2023.

#### **DAL-2023-08. Iceland up close ehf - Road Refill í Búðardal**

Verkefnið snýst um að gera Miðbraut í Búðardal að listaverki í anda gömlu refilsaumsverkanna, sem saumuð voru í samfélagi landnámsmanna (og annarra sem tilheyrðu svokallaðri menningu víkinga) og oft notuð til að þekja vegg langhúsa eða annarra bygginga, en þekktastur þeirra er Bayeux refillinn í Frakklandi. Þessi refill okkar verður málaður á veginn og segir okkar þekktustu Íslendingasögur, Laxdælu og Eiríksstöðu rauða. Á fornan, en nútímalegan hátt.

Tilgangur verkefnisins er að gera götulistaverk sem getur verið aðdráttarafli í sjálfu sér og vekur athygli ferðafólks á Búðardal og því sem þar er í boði.

Verkefnið hlaut 500.000 kr. styrk árið 2023.

#### **DAL-2023-20. Iceland up close ehf - Jarðhýsi á Eiríksstöðum**

Við fornleifauppgröft í aldarlok 20. aldar fundust bæði langhýsi og jarðhýsi á Eiríksstöðum. Strax var byggt langhús í upprunalegri mynd, en nú stendur til að byggja jarðhýsið. Verkefnið hefur verið vel undirbúið með rannsókn fornleifafræðinema í fyrra og verður unnið að því með stuðningi og aðstoð fornleifafræðings í ár. Húsið verður um 10 fermetrar. Það er að mestu byggt úr torfi og timbri og er niðurgrafið að hluta.

Verkefnið hlaut hlaut 700.000 kr. í styrk árið 2023.

#### **DAL-2023-07. Þóra Ólafsdóttir. Dalahvítlaukur**

Ég heiti Þórunn Ólafsdóttir og er sjúkraliði að mennt og ég elska hvítlauk. Mér fannst vanta góðan íslenskan hvítlauk á markaðinn, því megnið af þeim hvítlauk sem við kaupum í dag út úr búð er innfluttur frá Kína. Þannig fæddist sú hugmynd að rækta Dalahvítlauk.

Verkefnið er á byrjunarstigi en stefnt er að því að koma á fót hvítlauksræktun sem fer að skila arði eftir árið 2025. Stefnt er að því að fá lífræna vottun fyrir ræktunina.

Við ræktunina mun verða notast við ákveðna aðferð sem kallast á ensku No dig/No till. Með henni er leitast við að skapa góð vaxtarskilyrði, án þess að plægja jarðveginn eða nota tilbúinn áburð. Til að vel takist, þá þarf að huga vel að moldinni. Það þarf að næra hana og lífríkið sem þar býr og þannig fæ ég náttúruna til að vinna fyrir mig, sem skilar sér í betri og hollari vöru. Stefnt er að því að byrja að selja Dalahvítlauk haustið 2024.

Verkefnið hlaut 800.000 kr. styrk árið 2023, fyrir aðföngum og sáningarbúnaði.

#### **DAL-2023-14. Skugga-Sveinn ehf - Beint frá skýli**

Bændurnir í Ásgarði stunda sauðfjárrækt og hófu einnig útiræktun á grænmeti á síðasta ári. Verkefnið felst í því að koma upp aðstöðu í litlu skýli við afleggjarann að Ásgarði til sölu á matvörum frá bænum. Til að svo megi vera þarf að koma upp húsi við afleggjarann, í framhaldinu koma rafmagn og húsinu svo þar megi hafa kæla og frysti. Einnig þarf jarðvegsvinnu til að þökkalegt bílastæði verði þarna. Hugmyndin er að viðskiptavinir afgreiði sig sjálfir og vöruúrval til sölu mun ráðast af framboði vöru á bænum hverju sinni.

Skv. umferðartölum Vegagerðarinnar er dagsumferð að jafnaði 970 bílar á dag framhjá afleggjaranum. Aðstaða sem þessi þekkist annars staðar á landinu t.d. á Sólbakka, Garðyrkjustöð í Hörgársveit milli Dalvíkur og Akureyrar.

Verkefnið hlaut 800.000 kr. í styrk árið 2023.

#### **DAL-2023-05. Berghildur Pálmadóttir og Kári Gunnarsson - Áfangaheimilið á Dunki**

Verkefnið snýst um fyrsta áfanga þess að standsetja áfangaheimilið á Dunki. Markmið verkefnisins er að auka úrræði í fangelsismálum á landsbyggðinni, í málaflokki einstaklinga með tvígreiningu og fyrir einstaklinga sem eru að ljúka afplánun, áfengis- eða vímuefnaaðferð.

*Hugmyndin um áfangaheimili kviknaði hjá mér fljótlega eftir að við fluttum að Dunki. Ég hafði áður starfað í Fangelsinu á Kvíabryggju og þá var augljóst að einstaklingar höfðu áhuga á að komast á áfangaheimili utan höfuðborgarsvæðisins og jafnvel í sveit. Áfangaheimilið verður ætlað einstaklingum sem eru að ljúka afplánun og/eða áfengis- og/eða vímuefnaaðferð. Hugmyndin er að veita einstaklingum tækifæri til þess að komast lengra í bata sínum og vera þannig betur í stakk búnir til þess að takast á við daglegt líf. Við ætlum að hefja starfsemina á því að endurbyggja gestahús, Möggukot, sem var rétt við íbúðarhúsið á Dunki. Húsið verður um 28 fm og verður híbýli fyrir einn einstakling.*

Verkefnið hlaut 900.000 kr. í styrk árið 2023.

#### **DAL-2023-10. Penna sf - Grafíkverkstæði og sýningarhald**

Að Nýp á Skarðsströnd var byggð sýningaraðstaða fyrir myndlist og hönnun árið 2018. Við viljum þróa enn frekar sýningar að Nýp og auka fjölbreytni starfseminnar með því að koma upp grafíkverkstæði í nýreistri vinnustofu fyrir listamann og búa hana nauðsynlegum tækjabúnaði.

Með verkefninu er leitast við að skapa nýja list í Dölum og gera Dalina að áfangastað fyrir bæði áhugafólk og fagfólk í listum. Til verður safn verka sem verður aðgengilegt almenningi með reglulegum sýningum.

Verkefnið hlaut 1.100.000 kr. í stofnstyrk fyrir búnaði og aðföngum fyrir grafíkverkstæðið, árið 2023.

#### **DAL-2023-18. Rauðbarði ehf – Ullarvinnsla í Dölum**

Í Dalabyggð er sauðfjárbúskapur einn af helstu atvinnuvegunum. Íslenska ullin er einstök vegna tveggja hára uppbyggingu hennar. Vegna sérstöðu íslensku ullarinnar, tengingar hennar við mannlíf og sögu Íslands en ekki síst með því að bera hana á borð sem gæða afurð frá heimabyggð getur þetta verkefni laðið að erlenda ferðamenn sem vilja kynna íslensku ullinni betur. Ennfremur kallar heimurinn sífellt meira og meira eftir sjálfbærum samfélögum. Aukin vinnsla á afurðum í heimabyggð styður við sjálfbærni og eflir byggðarlagið. Tilgangur þessa verkefnis er að koma á fót ullarvinnslu í Dalabyggð og stuðla þannig að auknum verðmætum af ullinni til bænda og byggðarlagsins í heild.

Verkefnið hlaut 1.500.000 kr. í stofnstyrk til tækjakaupa árið 2023.

#### **DAL-2023-24. Kruss ehf - Jólasveinarnir eru úr Dölunum**

Verkefnið gengur út á að nýta jólasveinana þrettán, eins og þeir þekkjast úr kvæðum Jóhannesar úr Kötlum, sem markaðsefni fyrir Dalina og verða jólasveinunum gerð skil á völdum stöðum víðs vegar um Dalina. Markmiðið er að auka verðmæti í Dölum í gegnum sögu íslensku jólasveinanna. Skapa skemmtilega afþreyingu fyrir börn og barnafólk þar sem gæði eru höfð í öndvegi. Dalir eru matvælavinnsluhérað og byggjum við á gæðum í öllum okkar aðgerðum.

Verkefnið hlaut 1.500.000 kr. í styrk árið 2023.